

Menntamálastofnun

Lestrarverkefni Mennta- og Menningarmálaráðuneytis

Matsáætlun

Janúar 2018

Tilgangur Læsisverkefnis

Niðurstöður PISA rannókna frá 2006, 2009 og 2012 sýna að lestrarkunnátta og lestrargeta íslenskra barna fer hnignandi og samkvæmt niðurstöðum frá 2012 geta 20% nemenda í 10. bekk ekki lesið sér til gagns. Af sex þrepum sem gefin eru upp í niðurstöðum PISA eru 46% íslenskra þátttakenda í þrepum 1-3. Til þess að bregðast við þessari þróun og bæta læsi íslenskra barna kom mennta- og menningarmálaráðherra á fót átaki í lestrarkennslu grunnskólabarna. Settur var á laggirnar vinnuhópur til að skoða leiðir til úrbóta og skilaði hópurinn af sér niðurstöðum í febrúar 2015. Verkáætlun vinnuhóps um læsi gerði tillögur um að sett yrði af stað verkefni um eflingu læsis þar sem lögð yrði áhersla á þróun matstækja fyrir lestur, ráðgjöf veitt til skóla og sveitarfélaga og unnið að vitundarvakningu almennings um mikilvægi læsis.

Aðferðir til að meta árangur læsisverkefnis

Matsþættir á árangri verkefnisins eru fjölbreyttir þar sem breytur eru margar og meta má árangurinn á fleiri en einn veg. Lestarverkefnið snýst fyrst og fremst um nemendur og að þeir nái góðum árangri í lestri. Stærstur hluti matsáætlunarinnar snýr því að árangri nemenda. Þessi áætlun er byggð á þeim grunni að kennarar og skólastjórnendur fylgist með og skrái árangur og framfarir einstakra nemenda á skimunarprófum sem lögð verða fyrir a.m.k. þrisvar á ári.

Lesferill er heiti á matstæki sem unnið er af Menntamálastofnun í samstarfi sérfræðinga í lestri og próffræði. Lesferli er ætlað að meta grunnþætti læsis, s.s. lesfimi, lesskilning, ritun, orðaforða og málskilning. Mælingar úr Lesferli frá 2016-2020, verða notaðar til að meta verkefnið.

Í Hvítbók um umbætur í menntun er skýrt tekið fram að markmiðið er að „hlutfall þeirra sem ná grunnviðmiðum (2. stig) í lesskilningi PISA fari úr 79% (2013) í 90% 2018“ og það markmið er haft að leiðarljósi í þessari matsáætlun. Grunnmælingin sem unnið er eftir eru niðurstöður 2012 og niðurstöður 2015 eru notaðar sem millimæling. PISA könnunin er lögð fyrir á 3ja ára fresti sem er of langur tími til að fylgjast náið með framförum og því verður að nota fleiri mælingar til að meta árangur á milli PISA.

Greining var gerð á lesskilnings, málnotkunar og ritunarhlutum samræmdra könnunarprófa aftur til ársins 2010 og þær niðurstöður lagðar til grundvallar mælingum á framförum í lestri. Matssvið Menntamálastofnunar notaði þær til að útbúa forspártölur fyrir hvern skóla. Forspártölur og niðurstöður samræmdra könnunarprófa 2015-2020 verða notaðar til þess að meta verkefnið. Forspártölur voru sendar út 2016 og fyrirhugað er að senda þær aftur út vorið 2018 og síðan í lok verkefnisins 2020.

Auk mats á árangri nemenda verður notkun vefsíðu, notkun skimana og nýting ráðgjafateymis metin. Bæði verður metin nýting þessara þátta sem og ánægja þeirra sem nýta þjónustuna eða tækin.

Fylgst er með útláni bóka frá bókasöfnum landsins úr miðlægum gagnagrunni þeirra, staðan tekin árlega frá 2016-2020.

Gerð verður könnun á stöðu læsisstefna skóla og sveitarfélaga vorið 2018 og aftur haustið 2020. Unnin hefur verið forkönnun og athugun á stöðunni. Áherslur í ráðgjöf 2017-2020 eru markvisst til að efla þennan þátt verkefnisins.

Heildarmat á verkefninu er unnið í samráði við Katrínu Frímansdóttur matsfræðing verkefnisins, auk þess er endurmat á verkþáttum gert á hverju ári, unnin er verkefnislýsing og stöðuskýrsla fyrir verkefnið í heild sinni. Þessi verkþáttur er í vinnslu og fyrirhuguð verklok eru í mars 2018.

Ytra mat með augum verkefnastjórnunar verður gert í samráði við Háskólann í Reykjavík vorið 2018 af meistaraneinum í MPM námi og mun þeirri vinnu ljúka í maí 2018.

Nýting niðurstaðna

Niðurstöður eru nýttar til að upplýsa yfirvöld og framkvæmdaaðila menntamála um árangur lestrarverkefnisins sem heild. Öll umræða við skólastjórnendur og kennara um niðurstöður eru lausnamiðaðar þar sem lögð er áhersla á að veita kennurum alla þá aðstoð sem hægt er til að ná þeim árangri sem áætlanir segja til um. **Lykilatriði í nýtingu niðurstaðna er persónuleg og fagleg umræða á milli stjórnenda verkefnisins, skólastjórnenda og kennara.** Til þess að ná sem bestum árangri er forðast að gera samanburð á milli einstakra skóla en lögð áhersla á framfarir hvers skóla í samanburði við eigin árangur undanfarinna ára og annaðhvort landsins í heild eða kjördæmis sem skólinn tilheyrir.